

Ed.

125. Frumvarp til laga

[67. mál]

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Björn Jónsson.

1. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður greiðir bæjarfélögum, sem hafa 3000 íbúa eða fleiri, allt að tveim fimmtu kostnaðar, en öðrum sveitarfélögum allt að tveim þriðju kostnaðar af að reisa almenn sjúkrahús, sjúkraskýli, læknisbústaði, eða elliheimili, sem reist verða samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda fallist ráðherra á þörf þeirra framkvæmda og meti þær við hæfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 56 5. júní 1957.

Greinargerð.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu á stofnkostnaði elliheimila skuli vera hin sama og sjúkrahúsa og annarra heilbrigðisstofnana. Engin lagaákvæði eru nú um skyldu ríkissjóðs til þess að greiða hluta af stofnkostnaði elliheimila. Hins vegar hefur þetta verið þannig í framkvæmd hin síðari ár, að nokkrir hæir hafa reist sjúkrahús, sem að hluta hafa verið elliheimili, en stofnkostnaður hefur verið greiddur úr ríkissjóði sem sjúkrahús væri að öllu leyti.

Þetta er út af fyrir sig eðlilegt og skynsamlegt. En þegar svo er komið, sýnist jafn sjálfsagt, að ríkissjóður greiði hluta af stofnkostnaði elliheimila almennt. Slík heimili hljóta ávallt að vera að meira eða minna leyti sjúkrahús, jafnframt því að vera elliheimili. Þar munu ávallt dveljast gamalmenni, sem þarfnast stöðugrar læknishjálpar og hjúkrunar. Þessi gamalmenni mundu að öðrum kosti verða að dveljast að staðaldri í venjulegu sjúkrahúsi. Elliheimili létta því mjög á sjúkrahúsunum að þessu leyti, enda ekki vanþörf á.

Sökum breyttra þjóðfélagshátta er nú meiri þörf fyrir hæfilega mörg dvalarheimili fyrir aldrað fólk og lasburða en áður var. Að jafnaði er ekki hægt að láta í té þá aðhlyningu og hjúkrun í heimahúsum, sem þetta fólk þarfnast. Það er hins vegar á valdi ráðherra að takmarka fjölda elliheimila hæfilega, þar sem slík heimili má ekki stofna án leyfis hans. Er þannig fyrir því séð, að offjölgun elliheimila geti ekki átt sér stað.

Lagasetning sú, sem ráðgerð er með frumvarpi þessu, mundi að líkindum kalla á nokkurt fé úr ríkissjóði. Slíkt mundi þó vafalaust verða minna en ætla mætti við fyrstu sýn, því að í framkvæmdinni hefur sú venja orðið til að greiða úr ríkissjóði hluta af stofnkostnaði elliheimila bæjanna, sem rekin eru í sambandi við sjúkrahús.